

Frjómælingar í Garðabæ og á Akureyri í júní 2016


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 12. júlí 2016.

Garðabær. Í Urriðaholti voru frjótölur undir meðaltali í maí. Í júní fjölgaði frjókornunum og frjó mældust alla daga mánaðarins og fór frjótala tvisvar yfir 100 frjó/m³, dagana 18. og 28. júní. Samt fór svo að frjótölur voru annan mánuðinn í röð undir meðaltali. Heildarfrjótala júnímánaðar er 800 frjó/m³. Hafa frjókorn einu sinni áður mælst færri í júní síðan mælingar hófust árið 2011 en það var árið 2012. Meðalfrjótala í júní árin 2011-2015 er 1461 frjó/m³.

Birkifrjókorn. Birkifrjókorn mældust á hverjum degi í júní til 15. júní en mjög lítið eftir það og er frjótímabili birkis væntanlega lokið. Flest voru þau í lofti 4. júní með frjótöluna 34 frjó/m³. Heildarfrjótala birkis í júní 2016 er einungis 120 frjó/m³, en meðalfrjótalan í júní árin 2011-2015 er 750 frjó/m³. Þetta er þriðja árið í röð sem heildarfrjótala birkis í júní er undir meðallagi.

Grasfrjókorn. Grasfrjókorn fara hægt af stað en eru að aukast jafnt og þétt. Flest voru þau í lofti 28. júní með frjótöluna 99 frjó/m³. Aðalfrjótími grasa er framundan, í júlí og ágúst. Heildarfrjótala grass í júní 2016 er eins og í meðal ári eða 339 frjó/m³ og töluvert hærri en í júní í fyrra. Meðalfrjótalan fyrir júní 2011-2015 er 339 frjó/m³.

Algengustu frjógerðir í Urriðaholti í júní 2016 voru birki- gras- og furufrjó.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Toppurinn 18. júní er aðallega frjó af furu- og rósaætt og toppurinn 28. júní eru mest grasfrjó. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Akureyri. Í júní mældust frjó alla daga mánaðarins en heildarfrjótala fór samt aldrei yfir 50 frjó/m³. Heildarfrjótala júnímánaðar 2016 er 503 frjó/m³ sem er helmingi minna en í fyrra en meðalfrjótala í júní árin 1998-2015 er 698 frjó/m³.


Birkifrjókorn. Eftir rólega byrjun um miðjan maí fjölgaði birkifrjókornum aldrei að ráði. Þau voru flest þann 1. júní, 16 frjó/m³, og fækkaði síðan jafnt og þétt og er frjótímabili þeirra



væntanlega lokið. Heildarfrjótala birkis í júní er 61 frjó/m³. Meðalfrjótalan í júní árin 1998-2015 er 387 frjó/m³. Aðeins einu sinni áður hafa mælst færri birkifrjókorn í júní, það var árið 2012.

Grasfrjókorn. Mikið hefur mælst af grasfrjókornum það sem af er sumri en aðalfrjótími þeirra er framundan í júlí og ágúst. Heildarfrjótala grass í júní 2016 er 240 frjó/m³ sem er vel yfir meðaltali en meðalfrjótalan í júní árin 1998-2015 er 81 frjó/m³.

Lang algengasta frjógerðin í júní 2016 voru grasfrjókorn en næst á eftir voru birkifrjókorn.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Þar sést að aðalfrjógerðin í júní er gras- og birkifrjó. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Í hlýju og þurru lofti og smá golu dreifast frjókornin helst og þá er best fyrir þá sem hafa frjókornaofnæmi að sleppa því að þurrka þvottinn úti og sofa við lokaðan glugga. Hafa ber í huga að með því að slá grasið **fyrir** blómgun þá myndast ekki frjókorn. Fari frjótölur grass yfir 10-20 frjó/m³ á einum degi má búast við að ofnæmiseinkenna verði vart en það er þó einstaklingsbundið hversu næmt fólk er ásamt nálægð þess við blómstrandi grasið.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu.

Einnig birtast frjótölur fyrir birki og gras á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um leið og frjótölur liggja fyrir:

birki: http://www.ni.is/media/frjomaclingar/heima_birki2016.htm

gras: http://www.ni.is/media/frjomaclingar/heima_gras2016.htm

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabæ, 12. júlí 2016

Elly R. Guðjohnsen (elly@ni.is)

www.ni.is

